



Bókun á „verk í vinnslu“

Í þeim tilvikum þegar fleiri en einn kostnaðarreikningur stendur á bak við eina eign, t.d. bygging húsnæðis, viðhald eigna, hugbúnaðargerð o.fl. þá er gert ráð fyrir að farið sé með þær færslur í gegn um lið sem kallaður er „verk í vinnslu“. Þar er öllum reikningum safnað saman á þann lið og síðan þegar byggingu eða kaupum er lokið þá færast kostnaðarverð í einni tölu á viðkomandi eignalið í eignaskrá.

Bókunarferli kostnaðarreikninga:

1. Allir kostnaðarreikningar sem tilheyra verki í vinnslu eru bókaðir á viðeigandi gjaldegund með bókunartákni 22. Á heimasíðu FJS er listi yfir tegundir sem eru í boði að nota vegna verka í vinnslu, sjá [hér](#).
2. Ef stofnun er með fleiri en eitt verk í vinnslu í einu þá þarf að stofna viðföng og / eða víddir til að aðgreina verk.
3. Sjálfvirk keyrsla fer af stað þegar notað er bt. 22 og flytur af gjaldegund með bt. 23 yfir á tegund 18011 eða 18012 eftir því hvaða tegundalyklar voru notaðir í færslunni.

Launakostnaður innan stofnunar:

Launakostnaður innan stofnunar vegna verk í vinnslu er bókaður beint, þ.e. af 5189 yfir á 18011 / 18012. Tilgreina áætlaðan launakostnað í fjárfestingaráætlun vegna verk í vinnslu.

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Varanlegur rekstrarfjármunur sem er hluti af verk í vinnslu er bókað beint á 18011. Dæmi: Kaupverð lögreglubifreiðar er bókað beint á 18011, en kostnaður við að útbúa bifreiðina er færður með bókunartákni 22 á viðeigandi gjaldegundir. Búnaður sem hægt er að flytja á milli bifreiða er bókaður beint á viðkomandi 18xxx tegundalykla.

Verklök / Staða í árslok:

1. Þegar verki er lokið þarf viðkomandi stofnun að flytja kostnað við verkið af tegund 18011 eða 18012 á viðeigandi eignalykil 18xxx og flyst eignin þar með í FA (eignaskrá). Mikilvægt er að nota það viðfangsefni þar sem afskrift eignarinnar á að gjaldfærast á. Færslunni skal fylgja hreyfingalisti sem sýnir hvaða færslur/reikninga er verið að eignfæra.
2. Bókhaldssvið FJS annast bókanir færslna fyrir stofnanir í bókhaldsþjónustu eftir uppgörum frá þeim.
3. Við ársuppgjör skal gera grein fyrir hvaða verk eru í vinnslu í árslok.